

Samstarfssamningur

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, hér eftir nefndur Hafnarfjarðarbær og Sundfélag Hafnarfjarðar, kt. 640269-2789, hér eftir nefnt SH gera með sér samning um afnot og umsjón með félagsaðstöðu félagsins í Ásvallalaug. Vísað er til annars samnings milli aðila um þjónustu við bæjarbúa.

I. Umfang samnings

1. gr.

Samningurinn gildir um skrifstofu-, félags- og þrekaðstöðu fyrir félagsmenn SH, alls 425 m² á efri hæð Ásvallalaugar. SH tekur að sér umsjón með félagsaðstöðunni í samræmi við ákvæði samnings þessa. Aðalstjórn SH er ábyrg fyrir rekstri og skal halda sig innan fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðarbæjar ár hvert og leitast við að ná sem hagkvæmustum rekstri. Framkvæmdastjóri SH annast að öllu leyti daglegan rekstur fyrir hönd aðalstjórnar SH.

II. Afnot af félagsaðstöðu SH

2. gr.

SH er heimiluð endurgjaldslaus afnot af og umsjón með félagsaðstöðunni eins og nánar greinir í samningi þessum. SH skal taka fullt tillit til skrifstofuaðstöðu fyrir Íþróttafélagið Fjörð á efri hæð Ásvallalaugar, sem er alls 145,2 m² að stærð og semja um frekara aðgengi félagsins að félagsaðstöðunni.

3. gr.

Hafnarfjarðarbær á rétt á að nýta alla Ásvallalaug í einstaka tilfellum fyrir starfsemi sína eða fyrir viðburði á hans á vegum, án endurgjalds eða gegn hóflegri gjaldtöku þ.e.a.s. ef SH veitir bænum þjónustu vegna þessa, en þó þannig að það raski ekki hefðbundinni starfsemi SH. Um slík afnot skal haft samráð við SH og áform þar um tilkynnt með minnst mánaðar fyrirvara.

III. Rekstur félagsaðstöðu SH

4. gr.

SH sér að öllu leyti á sinn kostnað um rekstur félagsaðstöðu félagsins.

Viðhald og endurnýjun áhalda og búnaðar (sem ekki fellur undir rekstrarframlag) greiðist af Hafnarfjarðarbæ og byggist á forgangsröðun verkefna og fjárhagsáætlun ár hvert. Umhverfis- og skipulagsþjónusta í samvinnu við SH sér um innkaup að undangegnum verðkönnunum/útboði sem er í samræmi við innkaupareglur Hafnarfjarðarbæjar. Allt stærra viðhald húsnæðis er einnig í umsjón Umhverfis- og skipulagsþjónustu. Brunatryggingar greiðast af Hafnarfjarðarbæ.

Viðhald og endurnýjun tímatökubúnaðar skal gert í fullu samstarfi og samráði á milli aðila og greiðast í samræmi við eignarhlut þeirra. Það er að segja tímatökubúnaður í laugarsal að tímatökuherbergi er eign Hafnarfjarðarbæjar, en allur búnaður í tímatökuherbergi er eign SH. Um þetta verður gert sérstakt samkomulag með endurskoðunarákvæði.

5. gr.

Aðalstjórn SH felur framkvæmdastjóra að sinna skyldum sínum samkvæmt samningi þessum. SH skuldbindur sig til að hafa að lágmarki einn starfsmann við störf í félagsaðstöðunni á hverjum tíma meðan starfsemi fyrir börn- og unglinga fer fram. Starfsmenn skulu hafa lokið sérstökum námskeiðum í skyndihjálpi fyrir starfsmenn íþróttamannvirkja og við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Framkvæmdastjóri skal starfa í nánú samstarfi við íþróttafulltrúa Hafnarfjarðabæjar og hann verður að gæta þess að starfsemi SH brjóti ekki í bága við almennar reglur Hafnarfjarðabæjar um rekstur slíkra íþróttamannvirkja. Hann skal sækja þá fundi sem íþróttafulltrúi telur nauðsynlega til samræmingar á starfsemi íþróttamannvirkja í Hafnarfirði og leitast við að tryggja gott upplýsingaflæði milli SH og Hafnarfjarðabæjar. Hann skal einnig leitast við að aðlaga rekstur SH að þeim ábendingum sem íþróttafulltrúi kemur á framfæri fyrir hönd Hafnarfjarðabæjar.

6. gr.

SH fær í sinn hlut allar tekjur sem reksturinn kann að gefa af sér, í samræmi við samning þennan, og ber að greiða allan kostnað og gjöld sem af rekstri þess leiðir. Tekjur þessar eru ætlaðar til að styrkja félagið og til að bæta þjónustu við félagsmenn og bæjarbúa.

SH er heimilt að stunda sölustarf í Ásvallalaug á sína ábyrgð og að uppfylltum skilyrðum laga og reglna hvað það varðar og með samþykki íþróttafulltrúa. Um rekstur veitingasölu í anddyri Ásvallalaugar verður samið sérstaklega við SH eða aðra, enda verður þjónusta þar opin í samræmi við opnunartíma Ásvallalaugar.

SH er heimilt að setja upp auglýsingar sem samræmast jákvæðu gildi íþróttastarfs og heilbrigðra lífshátta í félagsaðstöðunni, sundlaugarsalnum og á lóð Ásvallalaugar og skal það gert í fullu samráði við íþróttafulltrúa og arkitekta.

Fjáröflun SH skv. þessari grein er á þeirra ábyrgð, kostnað og áhættu og því óviðkomandi Hafnarfjarðarbæ.

IV. Viðhald

7. gr.

Viðhald og rekstur félagsaðstöðu SH skiptist í tvo þætti samanber viðmiðunarreglur Umhverfis- og skipulagsþjónustu um skiptingu í rekstur og viðhald (sbr. fylgiskjal 1),

- a. Viðhald innan dyra, á lóð og utandyra í umsjón Hafnarfjarðabæjar
- b. Rekstur á félagsaðstöðu innandyra í umsjón SH

Viðhald/rekstur skal vera í samræmi við fjárhagsáætlun hvers árs og á þann hátt að starfsemi SH verði fyrir sem minnstum truflunum. Lögð er áhersla á að viðhaldið sé fyrirbyggjandi og að öllum öryggiskröfum verði fylgt hverju sinni.

Allt stærra viðhald skal samið sérstaklega um.

Forgangsáætlun um stærra viðhald skal framkvæmdastjóri skila inn til íþróttafulltrúa fyrir 15. september ár hvert vegna verkefna sem óskað er eftir að farið sé í á næsta fjárhagsári. Forgangsáætlunina mun íþróttafulltrúa síðan áframsenda til Umhverfis- og skipulagsþjónustu sem mun stilla upp verkefnum næsta árs miðað við fjárhagsáætlun og önnur verkefni í húseignum bæjarins.

8. gr.

Umhirða, umgengni og þríf í félagsaðstöðu SH er á ábyrgð SH og skal vera í samræmi við kröfur Hafnarfjarðabæjar og heilbrigðisyfirvalda.

V. Upplýsingaskylda íþróttafélagsins og viðurlög

9. gr.

SH er skylt að halda bókhald vegna rekstrar félagsaðstöðunnar sem skal fært samkvæmt almennum reikningsskilavenjum. Bókhaldið skal endurskoðað árlega.

- a. SH skal skila rekstraráætlun til íþróttfulltrúa fyrir 15. september ár hvert.
- b. SH skal skila árshlutauppgjöri til íþróttfulltrúa fyrir janúar til og með júní 15. september ár hvert.
- c. SH skal skila ársreikningi til íþróttfulltrúa fyrir 15. apríl ár hvert.

10. gr.

Á grundvelli árshlutauppgjöra, ársreiknings og/eða rekstraráætlunar, getur Hafnarfjarðarbær gert athugasemdir, óskað eftir aðgangi að bókhaldsgögnum og viðeigandi fylgiskjölum, frekari skýringum og komið með aðgerðaráætlun er varðar reksturinn. Verði SH ekki við umbeðinni upplýsingagjöf eða aðgerðum er bænum heimilt að stöðva greiðslur frá næstu mánaðamótum eftir skiladag uns úrbætur hafa átt sér stað. SH getur jafnframt óskað leiðréttinga á rekstrarframlagi á grundvelli framlagðra gagna.

11. gr.

Telji íþróttfulltrúi að félagsaðstaða SH sé ekki rekin samkvæmt samningi þessum, og eins og gildandi lög og reglur gera ráð fyrir, varðandi færslu bókhalds, reglur um vinnueftirlit, samninga um réttindi og kjör starfsmanna, reglur um heilbrigði og öryggi, skal hann skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Verði SH ekki við þeim tilmælum er Hafnarfjarðarbæ heimilt að stöðva greiðslur samkvæmt samningi þessum frá næstu mánaðamótum uns úrbætur hafa átt sér stað.

VI. Ýmislegt

12. gr.

Eftirfarandi fylgiskjöl fela í sér nánari útfærslu á afnotum félagsins af félagsaðstöðu SH, og eru þau óaðskiljanlegur hluti samnings þessa:

Fylgiskjal 1: Skipting Umhverfis- og skipulagsþjónustu í rekstur og viðhald

Fylgiskjal 2: Listi yfir lög, reglugerðir og samþykktir Hafnarfjarðarbæjar um rekstur íþróttahúsa

Breytingar á fylgiskjölum verða aðeins gerðar með samþykki beggja aðila

Öll brot á ákvæðum í fylgiskjali skoðast sem samningsbrot með sama hætti og brot á samningum sjálfum.

13. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2016 og gildir til 31. desember 2021 eða þar til annar hvor samningsaðili óskar eftir endurskoðun/uppsögn með sex mánaða fyrirvara.

Gert er ráð fyrir að fylgiskjöl verði tekin til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir.

Við undirritun samnings þessa fellur úr gildi fyrri rekstrar- og leigusamningur milli Hafnarfjarbæjar og SH frá 20. maí 2008.

14. gr.

Samningur þessi telst fylgiskjal við samstarfssamning milli bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Verði gerðar breytingar á þeim samningi telst samningur þessi fylgiskjal nýs samstarfssamnings.


15. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi staðfestur hér með í votta viðurvist.

Hafnarfirði, 16. september 2016

Fh. Sundfélags Hafnarfjarðar
með fyrirvara um samþykki aðalstjórnar



Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:



Fh. Hafnarfjarðarbæjar
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar






Fylgiskjal 1 – Samþykkt um skiptingu í rekstur og viðhald hjá stofnunum og ípróttafélögum bæjarins.

Tekið úr „Samþykkt um skiptingu í rekstur og viðhald í stofnunum bæjarins“ Sem var unnin og staðfest af vinnuhópi Fasteignafélags Hafnarfjarðar og fulltrúa grunnskólanna 7. nóv 2007.

Rekstur tilheyrir viðkomandi stofnunum/ípróttafélagi en viðhald umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Stærra viðhald eigna ípróttafélaga/Hafnarfjarðarbæjar fer í hlutfalli eftir eignarhaldi.

Rekstur innan dyra	Viðhald innan dyra
Þrif Ljós og perur – önnur en endurnýjun ljósa Viðgerðir á sírennsli í WC og leki í krönum Lausar innstungur Viðgerðir á hurðalásum og hurðahúnum Rekstur öryggiskerfa, hitakerfa, loftræstikerfa, vatnsúðunarkerfa og slökkvitækja Rafmagn- rekstrarkostnaður Vatnskerfi- rekstrarkostnaður Frárennsli, s.s. stíflur Viðgerðir á tækjum og búnaði Viðgerðir á húsgögnum, bólstrun o.þ.h.	Málning Gólfefni Loftaefni Fastar innréttingar Allar nýlagnir og endurlagnir á lögnum Öll ný kerfi skv. reglugerð s.s. brunakerfi
Rekstur, lóð og hús utan dyra	Viðhald, lóð og hús utan dyra
Umhirða á gróðri Snjómokstur og háلكuvarnir Söpun lóða Sandur og möl – endurnýjun Lagfæringar á leiktækjum á lóð Viðhald girðinga, s.s. brotnar fjalir og málun Veggjakrot Útljós: ljós og perur – önnur en endurnýjun ljósa Hreinsun á rennum og niðurföllum Viðhald neta í mörkum Í samvinnu við ípróttafulltrúa rekstur á battavöllum	Málun Viðgerðir á útveggjum Þak, þakkantar og þakrennur Gluggapóstar og gler Heilmálun girðinga Í samvinnu við ípróttafulltrúa viðhald á battavöllum

Stærra viðhald og endurnýjun húsnæðis og búnaðar (sem ekki fellur undi rekstur stofnunar eða ípróttafélags hér að ofan)

Forstöðumaður skal skila inn forgangsröðuðum verkefnum vegna stærra viðhald og endurnýjunar á húsnæðis og búnaðar til verkefnisstjóra umhverfis- og skipulagsþjónustu (ípróttafélögin skilatillögum til ípróttafulltrúa) fyrir 15. september ár hvert vegna verkefna sem óskað er eftir að farið sé í á næsta fjárhagsári.

Forgangsáætlun ípróttafélaga mun ípróttafulltrúa áframsenda yfirfarnar til verkefnisstjóra umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Eftir að hafa farið yfir inn komnar áætlanir stofnanna og ípróttafélaga mælir verkefnisstjóri hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu sér mót við forstöðumann hverrar stofnunar (ásamt umsjónarmanni fasteigna/ípróttarfulltrúa) og þeir fara á vettvangi saman yfir þau viðhaldsverkefni sem fram koma á

Handwritten signature:
 P. 18
 HGB

áætluninni. Vettvangsskoðun þessi verði eigi síðar en fyrstu viku í október ár hvert vegna undirbúningsvinnu fyrir fjárhagsáætlun næsta árs.

Eftir að þessu er lokið gerir verkefnisstjóri hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu áætlanir sínar samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun og þegar ljóst er hvaða verkefni er mögulegt að vinna á næsta fjárhagsári er haldinn fundur með forstöðumönnum (og umsjónarmönnum fasteigna/íþróttarfulltrúa) til að upplýsa þá um málið. Þetta verði gert eigi síðar en 31. janúar ár hvert.

Tekið saman/HS 28.10.2015

al. hsl
HGK

Fylgiskjal 2 – Listi yfir lög, reglugerðir og samþykktir Hafnarfjarðarbæjar um rekstur íþróttamannvirkja- og húsa

1. Íþróttalög nr. 64/1998 með síðari breytingum
2. Reglur um öryggi í íþróttahúsum, ásamt viðauka og skýringum, sem settar voru af Menntamálaráðuneytinu í okt 2002 og samþykktar af Íþróttá- og tómsbundanefnd Hafnarfjarðar 07.08.2003.
3. Öryggis- og eftirlitshandbók fyrir íþróttahús, sem gerð var af Menntamálaráðuneytinu 2003.
4. Reglur um baðvörslu í íþróttahúsum og sundlaugum, frá 22.08.2003, sem samþykktar voru í Íþróttá- og tómsbundanefnd Hafnarfjarðar 25.08.2003 og staðfest af Fjölskylduráði Hafnarfjarðar 03.09.2003.
5. Reglur um þrif í íþróttamannvirkjum Hafnarfjarðarbæjar, sem samþykktar voru í Íþróttá- og tómsbundanefnd Hafnarfjarðar 11.02.2013 og staðfest af Fjölskylduráði Hafnarfjarðar 20.02.2013.
6. Umgengisreglur í íþróttahúsum Hafnarfjarðar

JGK
d. 28